

SMÁRI



Ársskýrsla Æskulýðsnefndar
Hestamannafélagsins Smára

2018

Ágrip

Æskulýðsnefndin var skipuð á aðalfundi Smára í janúar 2018. Breyting var á nefndina frá árið áður og komu Helgi Kjartansson og Linda Karlsson ný inn. og tok hún til starfa og byrjaði með að skipulegja dagskrána fyrir árið. Starfið er hefðbundið að miklu leyti þar sem fastir liðir eru ávallt á dagskrá.

Uppsveitadeild Æskunnar er þriggja móta röð sem fer fram í mars-apríl og var keyrt reiðnámskeið með áherslu á keppni samhliða henni. Reiðskóli fyrir byrjendur var starfræktur og á Húsatóftum 2a í apríl og voru börnin 16 til talsins.

Heimsmeistarakeppnin í Brokk og Skokk var haldin í sjötta sinn svo tæpt sé á helstu viðburðum.

Lokaverkefni æskulýðsnefndar verður hin árlega haustferð.

Þátttaka í viðburðum æskulýðsnefndar hefur verið vaxandi og mikinn velvilja gagnvart starfi nefndarinnar er víða að finna í samfélaginu.

Í Æskulýðsnefnd Smára 2018 sitja:

Elin Moqvist

Unnur Lís Schram

Helgi Kjartansson

Linda Karlsson

Reiðnámskeið, febrúar – apríl

Reiðhöllin á Flúðum er helsti vettvangur vetrarstarfs æskulýðsnefndar. Haldið var reiðnámskeið undir styrkri stjórn Rósa Birna Þórvaldsdóttir þar sem áhersla var lögð á undirbúning fyrir keppni. Námskeiðið var keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar og voru þáttakendur 24 til talsins á aldrinum 9 – 13 ára. Flest þessara krakka tóku svo þátt í uppsveitadeildinni með góðum árangri, sum hver að þreyta frumraun sína á keppnisvöllinum. Námskeið þetta var haldið í samstarfi við Hestamannafélagið Loga

Uppsveitadeild Æskunnar, mars – apríl - maí

Uppsveitadeild Æskunnar á nú fastan sess í mótahaldi hestamannafélaganna í uppsveitum Árnassýslu. Þar kepptu að þessu sinni félögin Logi og Smári í þriggja-mótaröð þar sem safnað er stigum bæði fyrir knapana og félögin. Mikill undirbúningur er ávallt fyrir mótaröðina sem hefst með kynningarfundum og pizzaáti. Boðið var upp á æfingatíma með reiðkennara fyrir öll mótin. Æfingatímarnir voru skipulagðir samhliða reiðnámskeiðinu.

Þáttakendur frá Smára voru 11 talsins, þar af 7 í barnaflokki. Er það gleðiefni hversu vel börnin skila sér inn á keppnisvöllinn. Úrslit mótaráðarinnar má sjá í heild sinni á næstu síðu. Stigahæstir Smáarakrakka voru Þórey Þula Helgadóttir í unglingsaflokki og Aron Ernir Ragnarsson í barnaflokki. Smári sigraði heildarstigakeppnina að þessu sinni.



Smáarakrakkar í keppnisstuði



Styrktaraðilar

Stigasöfnun			Samtals	Fimi	Þrigg	Fjórg	Fimmg	Tölt	Smali	Skeið
Barnaflokkur										
1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	50	10	10	10		10	10	
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	42	7	9	9		8	9	
3	Freya Linda Andrea Mattsson	Smári	39	9	7	7		8	8	
4	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	21	6	8				7	
5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	18	8	6				4	
6	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	16			8		8		
7	Dagmar Sif Morthens	Logi	14.5		5			4.5	5	
8	Fjöllnir Þór Morthens	Logi	12.5		4			6	2.5	
9	Tristan Máni Morthens	Logi	10.5					4.5	6	
10	Snæfríður Rós Sigurðardóttir	Logi	2.5						2.5	
11	Sigríður Mjöll Sigurðardóttir	Logi	1						1	
12	Helga Nina Þórðardóttir	Smári	0						0	
Unglingaflokkur										
1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	58.5	10		10	10	10	8.5	10
2	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	48.5	9		9	9	7	6.5	8
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	47.5	8		8	7	9	6.5	9
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	33			6	8	8	5	6
5	Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi	17			7			10	
6	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	15.5						8.5	7
Smári			330.5	57	40	57	24	58	64.5	30
Logi			116.5	10	9	17	10	25	35.5	10

Lokastaðan í stigakeppni Uppsveitadeildar æskunnar 2017



Uppsveitardeild æskunnar 2017



Flottir Smárafélagar í lokamóti uppsveitadeild æskunnar

Reiðnámskeið, hestaskóli, apríl.

Þetta var byrjendanámskeið fyrir börn og innifalið var hestur, reiðtygi og hentaði þetta fyrirkomulag vel fyrir krakka sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni.

Alls voru þetta fjögur skipti og 16 krakkar sem tóku þátt sem sýnir að það er mikill áhugi til staðar. Þetta var mjög skemmtilegt og veðrið lék við okkur dagana sem námskeiðið var.

Elin Moqvist Húsatóftum 2 sá um að kenna krakkarna og rekstur skólans.



Myndasýrpa úr reiðskólanum

Heimsmeistarakeppnin í Brokk og Skokk, júní

Þann 17. júní hélt Hestamannafélagið Smári í samvinnu við ungmennafélögin á svæðinu heimsmeistaramótið í Brokk og Skokk í Skaftholtsréttum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Er þetta í sjötta sinn sem keppnin er haldin og var nú í tengslum við Uppsprettuna, byggðahátíð Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Keppt var í tveimur flokkum, í barna- og fjölskylduflokki annarsvegar og í íþróttaflokki hins vegar. Fjölskylduhringurinn er tveggja kílómetra langur en íþróttahringurinn ríflega 4 kílómetrar.

Brokk og Skokk gengur út á það að sett er saman lið með einum hesti og tveimur knöpum. Knapar skiptast á að vera á hestbaki og hlaupa á milli skiptistöðva sem settar eru upp með ákveðnu millibili. Hér skiptir taktík miklu máli og þurfa keppendur að skipuleggja sig vel til þess að ná sem bestum árangri. Í fjölskylduhring er heimilt að teyma undir börnum yngri en 8 ára allan hringinn. Í íþróttahringnum voru fimm skiptistöðvar og var skylt að skipta um knapa á að minnsta kosti fjórum þeirra.

Þáttakendum fjölgar stöðugt á milli ára. Hér keppa allir sem vettlingi geta valdið, frá langömmum niður í leikskólabörn.



Fríður og föngulegur hluti þátttakenda í Brokk og

Heimsmeistarar í Brokk og skokk 2018 eru:

Íþróttahringur

1. Unnsteinn Reynisson og Sigurjón Reynisson
2. Eiríkur Arnarson og Haukur Arnarson
3. Lovísa Hansen Daðadóttir og Daði Viðar Loftsson

Fjölskylduhringur

1. Baldur Már Jónsson og Eyþór Ingi Ingvarsson
2. Erlín Katla Hansdóttir og Magnùs Arngrímur Sigurðsson
3. Anna Lovísa Duerholt og Freydís Guðmundsdóttir

Að keppninni lokinni var öllum keppendum og hjálparliði boðið upp á grillaðar pylsur og kókómjólk og ís í versluninni Árborg. Styrktaraðilum öllum er þakkaður stuðningurinn.

Myndir og myndbönd segja meira en 1000 orð og bendum við hér með á fésbókarsíðu Brokk og Skokk :

<https://www.facebook.com/groups/567062360068945/>



Haustferðin, nóvember 2018

Lokaverkefni æskulýðsnefndar er hin árlega haustferð.

Hefðbundið mótahald

Vert að geta þess að hefðbundið mótahald hestamannafélagsins er í miklum blóma. Keppt er í barna, unglínga og ungmennaflokkum á mótum sem haldin eru án beinnar aðkomu æskulýðsnefndar. Þar má nefna vetrarmótaröðina, töltmótið í apríl, firmakeppnina 1. maí, keppni á Íslandsmóti yngri flokka og gæðingamót Smára í júlí.

Styrktaraðilar

Öllum þeim fjölmörgu sem styrkt hafa æskulýðsstarf Smára á einn eða annan hátt er þakkað hjartanlega fyrir samstarfið.

Eigendum fésbókarmynda sem notaðar eru í þessari ársskýrslu er þakkað kærlega fyrir lánið.

Æskulýðsnefnd Smára 2018